

Eystrahorn

38. tbl. 39. árgangur

Fimmtudagurinn 4. nóvember 2021

www.eystrahorn.is

Hræðsluganga á Höfn

Seinnipart föstudagsins 29. október, buðu landverðir á Höfn upp á hræðslugöngu í Óslandi. Alls mættu 27 hugrakkir þátttakendur til leiks og fengu að upplifa frásagnir fyrri tíma á sama tíma og rökkrið skall á, vindurinn blés og regnið féll.

Markmið ferðarinnar var að fagna myrkrinu og upplifa frásagnir fyrri tíma og bera þær saman við nútímann. Titillinn á göngunni er leikur að orðum þar sem hefðin er að landverðir bjóði uppá „fræðslugöngu“ en „hræðsluganga“ þótti við hæfi á þessum árstíma. Genginn var hringurinn í kringum Óslandstjörnina og tók gangan um eina klst. Þátttakendur voru vel búnir vasaljósum og luktum því þrátt fyrir að stutt væri í ljósin á Höfn þá er myrkrið fljótt að umlykja umhverfið þegar alskýjað er.


Margar sagnir um alls konar kynjaverur og drauga eru til frá fyrri tímum í Sveitarfélaginu Hornafirði. Landverðir sögðu frá óvættum í tjörnum, eins og nautinu í Þveitinni sem dregur húðina á eftir sér og nykrinum í Káravatni sem gerði tilraun til að fara með börnin fimm á Skálafelli ofan í vatnið. Fjörulallinn kíkti í heimsókn við fjöruborðið, sagt var frá hvíta stróknum sem kom upp í baðstofuna í Dilksnesi og eins var sögð saga úr Suðursveit hvar fjölkyngi réði um framgöngu Breiðamerkurjökuls.

Margir ungir þátttakendur voru með í för og því var endað á umfjöllun um að hræðsla væri ein af grunntilfinningum manneskjunnar og hluti af varnarviðbrögðum hennar. Börnin voru dugleg að koma með leiðir til að takast á við hræðsluna; ljós, mamma og pabbi, vinir og að tala um hvernig manni líður. Landverðir þakka kærlega fyrir þátttökuna í myrkragöngunni og senda ljóskveðjur inn í veturinn sem framundan er.



Við Óslandstjörn. Mynd: Guðrún Stefania V. Ingólfssdóttir

Ungir vegfarendur til fyrirmyndar á Höfn



Við eftirlit lögreglunnar á Suðurlandi hefur vakið sérstaka eftirtekt hve börn og ungmenni eru dugleg að nota öryggisbúnað eins og reiðhjólahljálma. Þá er fjölgun í notkun ljóskera á reiðhjólum og eykur það öryggi í umferðinni. Mega hinir eldri taka þau sér til fyrirmyndar. Við morguneftirlit sjáum við góða notkun gangbrauta á Víkurbraut og Hafnarbraut, þar sem gangbrautarvörður frá grunnskóla stendur vaktina. Mikilvægt er að öikumenn bifreiða aki varlega á álagstímum, sér í lagi í upphafi og enda skóladags, og verður ekki annað séð en að gangbraut sé virt og umferð gangi greiðlega fyrir sig.

Hvetjum foreldra og börn til að muna eftir endurskinsmerkjum og fjölga reiðhjólum með ljósker í skammdeginu meðan unnt er að hjóla.

Lögreglan á Suðurlandi

Nú höfum við opið á laugardögum fram að jólum frá kl. 13:00-15:00.

Jólavörur streyma í hús
Úrval af rúmum og göflum



Húsgagnaval

Húsgögn og gjafavörur

Símar:

478-2535 / 898-3664

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



Leikfimi, boccia, spil, skák,
snóker, handavinna er
stöðugt í boði í Ekru ásamt ýmsu fleiru.
Alltaf eitthvað um að vera.

Höfum gaman saman.



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Opið hús

á Víkurbraut 24, 10. nóvember nk. kl.16-18.

Verið velkomin og kynnist nýjum húsakynnum
velferðarsviðs sem rekur annars vegar fjölskyldu-
og félagsþjónustu og hins vegar stuðnings- og
virkniþjónustu.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjorður.is



Sindri - Höttur

ICE LAGOON HÖLLIN

Föstudaginn 5. nóvember kl 19:15

Verð kr. 1.500
Frítt fyrir 16 ára og yngri

BORGARAfundur á Kaffihorninu
frá kl 18:00

Sindraburger og miði á leik
Verð: 2.500kr

Eystrahorn

Svalbarð 5 • Sími: 848-3933
Útgefandi:..... HLS ehf.
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is
Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

Eystrahorn

Styrktaraskrift

Viltu styðja við útgáfu
Eystrahorns?
Kynntu þér málið á:

[www.eystrahorn.is/
styrktaraskrift/](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/)



Andlát

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi

Ólafur Bergsveinsson frá Stafafelli

lést föstudaginn 29. október á
Hjúkrunarheimilinu Skjólgarði.

Útförin fer fram frá Hafnarkirkju
mánudaginn 8. nóvember kl. 13:00

Þeim sem vilja minnst hans er bent á Hjúkrunarheimilið
Skjólgarð.

*Sigurður Ólafsson - Helga Davids
Bergsveinn Ólafsson,
Gunnlaugur B. Ólafsson
og barnabörn*



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Örnefni á vikina við Ránarslóð

Sveitarfélagið óskar eftir örnefni á vikina við Ránarslóð. Hægt
er að setja inn hugmyndir af nafni á heimasíðu sveitarfélagsins
hornafjorður.is undir þátttaka. Umhverfis- og skipulagsnefnd
mun velja úr innsendum hugmyndum.

Frestur til að skila inn hugmyndum er til 15. nóvember.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjorður.is



Áhugaverð ráðstefna

Almennar upplýsingar

- Áhugaverðir fyrirlestrar
- Málstofa með þátttöku ráðstefnugesta
- Haflið meðferðis síma, spjaldtölvu eða fartölvu
- Prufukeysla á rafrænu námsumhverfi MOOC
- Kaffi- og kvöldhressing í boði
- Útivist í falllegu umhverfi, klæðnaður í samræmi við veður

Vinsamlegast skráið þátttöku
á hulda@fas.is

Lærur, leikum og
tökum þátt

Heilsueflandi ferðaþjónusta

Nýheimar Hornafirði og Teams, 10. nóvember 2021 kl. 15:00 – 19:00

Dagskrá ráðstefnunnar

15:00	Setning ráðstefnunnar	Eyjólfur Guðmundsson skólameistari FAS
15:10	Opunarávarp	Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra
15:20	DETOUR kynning	Hulda L. Hauksdóttir tengiliður DETOUR
15:30	Hæglæti og jarðsambönd í ferðamennsku	Edvard H. Huijbens prófessor í menningarlandfræði við WU í Hollandi
15:55	Kaffihressing	
16:05	Skosk sýn á heilsueflandi ferðaþjónustu*	Steve Taylor forstöðumaður tómstunda- og ferðaþjónusturannsóknna við UHI í Skotlandi
16:25	Íslensk sýn á heilsueflandi ferðaþjónustu og upplifunarganga	Höfn Staðarleiðsögn, ferðaþjónustuyrirtækni
17:10	Kvöldhressing í Nýheimum	
17:35	Málstofa - hápavinna	Hulda L. Hauksdóttir tengiliður DETOUR
18:20	Málstofa - samantekt	Eyjólfur Guðmundsson skólameistari FAS
18:35	Þátttökenndakönnun**	Hulda L. Hauksdóttir tengiliður DETOUR
18:50	Lokaávarp	Matthildur Ásmundardóttir bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar

* Erindi flutt á ensku
** Rafræn könnun á ensku

Fundarstjóri, Arndís Lára Kolbrúnardóttir

www.detourproject.eu

@WellbeingTourismDestinations

Hljómsveit Hauks leggur á Hafið!



Laugardaginn 20. nóvember kemur hljómsveit Hauks saman á balli á HAFINU og setur punktinn yfir i-ð eftir langan starfsferil á Hornafirði og víðar. Hljómsveitin hefur spilað saman í nærri 40 ár með sömu hljóðfæraleikurum og söngvurum. Við þetta tækifæri mæta um borð: Bjartur Logi, Bragi Karls, Gunnlaugur Sig., Haukur, Jóhann M., Sigríður Sif og Þórdís. Það verður því ekkert logn á Hafinu þetta kvöld. Vonumst til að sem flestir sjái sér fært að mæta á þetta lokaball í góðu stuði. Hljómsveitin mun rifja upp gömlu góðu stuðlögin! Fylgist með auglýsingum í Eystrahorni og á facebook. Hlökkum til að skemmta ykkur.

*Hljómsveit Hauks!
þ.s. Fröken Rabbarbara Rúna er væntanleg!*



**Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR**

**Kynningarfundur um
skipulagsmál.**



Kynningarfundur um skipulagsmál verður haldinn 8. nóvember kl. 16:00 í Ráðhúsi Hafnarbraut 27 3. hæð.

Kynnt verða breyting á aðalskipulagi vegna efnistöku Suðurfjörum, deiliskipulag Hálsakeri Svínafelli 3 og deiliskipulag Skaftafelli III og IV.

*Brynja Dögg Ingólfssdóttir
skipulagsstjóri*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Andlát

Sigrún Sæmundsdóttir

Sigrún Sæmundsdóttir fæddist á Stóra Bóli á Mýrum í Austur-Skaftafellssýslu 17. maí 1928. Hún lést á hjúkrunarheimilinu Skjólgarði Höfn, 26. október 2021.

Foreldrar Sigrúnar voru Guðrún Þorsteinsdóttir frá Horni í Nesjum, f. 3. janúar 1892, d. 20. mars 1973 og Sæmundur Halldórsson frá Rauðabergi Mýrum, f. 19. febrúar 1887, d. 14. september 1976.

Systkini Sigrúnar voru Halldór, f. 7. janúar 1913, d. 13. maí 1991, Guðríður, f. 28. febrúar 1914, d. 11. maí 1982, Aðalsteinn, 20. september 1915, d. 14. október 1995, Halla, f. 6. mars 1917, d. 26. febrúar 1993, Sigurbjörg, f. 27. apríl 1918, d. 2. júní 1997, Katrín, f. 4. október 1919, d. 11. ágúst 2000, Guðmundur, f. 17. janúar 1921, d. 24. apríl 2005, Helgi, f. 13. apríl 1924, d. 24. apríl 1987, Hallgrímur, f. 19. júní 1926, d. 22. júní 2013, drengur, f. 6. maí 1930, d. 6. maí 1930 og Sigurjón, f. 12. janúar 1932, d. 16. janúar 1934.

Sigrún kvæntist 30. desember 1951 Herði Júlíussyni frá Kambahrauni í Lóni. Foreldrar hans voru Júlíus Sigfússon, f. 31. júlí 1894, d. 13. maí 1982 og Guðný Magnúsdóttir, f. 6. nóvember 1897, d. 29. nóvember 1995. Börn Harðar og Sigrúnar eru 1) Sæmundur, f. 20. apríl 1952, maki 1 Anna Elín Marteinsdóttir, f. 12. mars 1953, þau eiga þrjár dætur, átta barnabörn og eitt barnabarnabarn, maki 2 Vigdís Unnur Gunnarsdóttir, f. 8. júlí 1943. 2) Sigfús, f. 28. september 1951, maki Þóra Jóna Jónsdóttir, f. 3. mars 1957, þau eiga tvö börn og eitt barnabarn. 3) Ásta Guðríður, f. 24. desember 1953, maki Sigurjón Björnsson, f. 20. apríl 1952, þau eiga eitt barn. 4) Herdís Krístrún, f. 18. september 1962, maki Guðmundur Björnsson, f. 10. desember 1959, þau eiga fjögur börn og fimm barnabörn. 5) Friðþór, f. 15. febrúar 1964, maki Rigmor Jensen, f. 8. apríl 1965, þau eiga þrjú börn og fjögur barnabörn. 6) Elín Sigríður, f. 5. apríl 1970, maki Hermann Stefánsson, f. 12. mars 1970, þau eiga fjögur börn.

Sigrún fæddist í torfbænum á Stóra Bóli og flyst síðar með foreldrum sínum í Baldurshaga til Höllu systur sinnar og Vigfúsar hennar manns. Sigrún ólst upp við hefðbundin verk þess tíma í sveitinni ásamt stórum systkinahópi, oft við erfiðar aðstæður og kröpp kjör fjölskyldunnar.

Sigrún fékk hefðbundna skólagöngu fram að fermingu, líkt og tíðkaðist á þessum árum. Síðar lærði hún fatasaum hjá föðursystur sinni, Elínu Halldórsdóttur.

Sigrún vann ýmis tilfallandi störf og fór m.a. til sjós sem kokkur á Hvanney SF á sildarvertíð. Ásamt öðrum hefðbundnum störfum þess tíma, saumaskaps og fleira, þá rak Sigrún stórt heimili, en auk barna þeirra Harðar bjuggu þar fullorðin skyldmenn.

Um árabíl ráku þau Sigrún og Hörður Olís á Höfn og eftir það eigin verslun með hannyrðavörur og fleira. Sigrún tók þátt í starfi kvenfélagsins á Höfn. Þau hjónin ferðuðust mikið og dvöldu langdvölum í sumarbústað sínum í Stafafellsfjöllum í Lóni. Sigrún var mikil handverkskona og nutu margir góðs af þrjóna- og saumaskap hennar. 1998 fluttu þau Hörður að Víkurbraut og bjó Sigrún þar eftir að maður hennar lést þar til í september síðastliðnum er hún flyst á Skjólgarð.

Útför Sigrúnar verður gerð frá Hafnarkirkju föstudaginn 5. nóvember kl 13:00. Streymt verður frá athöfninni, sjá nánar www.hafnarkirkja.is. Þeir sem vilja minnast hennar er bent á Gjafa- og minningarsjóð Skjólgarðs.

Óska eftir lítilli íbúð sem fyrst eða á næstu mánuðum.

Upplýsingar í síma 867-7440 - Axel

Sviðaveisla Lions

Verður miðvikudaginn 10. nóvember á neðri hæð Pakkhússins frá kl. 18:00

Verðum með söltuð og fersk svið, rófur og kartöflur.

Allur ágóði sviðaveislunnar rennur óskiptur til líknarmála í Hornafirði.

Ekki verður tekið við kortum.



OST BORGARA MÁLTÍÐ

CHEESEBURGER MEAL

1.699 kr.



KJÚKLINGA BORGARA MÁLTÍÐ

CHICKEN BURGER MEAL

1.799 kr.



*0,5 lítri af gosi frá CCEP fylgir með

Tilboð gilda út nóvember 2021

N1 Höfn

